

Skrifstofa Alþingis  
Nefndarsvið  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Selfossi 7. maí 2024  
Tilvísun: 24041182

## Efni: Umsögn Matvælastofnunar um frumvarp til laga um lagareldi. 930. mál.

Vísað er í beiðni atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn, dagsett 24. apríl 2024, vegna frumvarps til laga um lagareldi.


Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fíksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerði.

Í frumvarpinu kemur fram að markmið laganna verði að skapa skilyrði til sjálfbærrar uppbyggingar lagareldis og efla þannig verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu. Skal þá leitast við að tryggja vernd vistkerfa, sjávarbotns og vatnshlota sem og líffræðilega fjölbreytni, velferð eldsfiska og gæði framleiðslu. Við framkvæmd laganna skuli byggt á vistkerfisnálgun og varúðarnálgun.

Matvælastofnun fagnar framkomnu frumvarpi og telur margt til bóta sem þar kemur fram, s.s. aðskilnaður á regluverki sjókvíaeldis og landeldis, auknar eftirlitsheimildir, skýrari viðbrögð við stroki, lús og kynþroska laxa, og aukin refsíákvæði.

Matvælastofnun vill þó benda á það að stofnunin telji mikilvægt að skýrsluskil sem um er rætt í 36. gr. frumvarpsins verði vikulega í stað mánaðarlega. Vikuleg skil á framleiðsluskýrslum rekstraraðila gefur Matvælastofnun færi á skjótari viðbrögðum ef merki sjást um aukin afföll, sjúkdóma eða strok.

Virðingarfyllt  
f.h. Matvælastofnunar



Karl Steinar Óskarsson  
Deildarstjóri fiskeldisdeildar